

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun 116**  
**fyrir ferðir lækna samkvæmt ákvæðum laga nr 3 frá 4. febr. 1898.** <sup>30. ágúst</sup>

— Með brjefi, dagsettu 19. júní þ. á., hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá Sigurði Hjørleifssyni hjeraðslækni í Höfðahverfishjeraði, þar sem hann fer þess á leit, að ráðaneytið láti uppi álit sitt um það, hvort læknum beri borgun af landsjóði eða ekki fyrir ferðir, er þeir verði að fara samkvæmt ákvæðum laga 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala. Jafnframt hafð þjer tekið það fram, að þjer hafð eigi talizt hafa heimild til að greiða hinn umrædda ferðakostnað úr jarðabókarsjóði vegna þess, hvornig orðunum sje hagað í 11. gr., sbr. 1. gr. umræddra laga, því að 11. grein kveði eptir yðar skoðun aðeins á um það, hve mikið beri að greiða læknum fyrir slíkar ferðir, en þess sje látið ógetið í lögunum, hver skuli greiða borgunina af hendi. Í sambandi hjervið hafð þjer lagt það til, að, ef ráðaneytið gæti fallizt á skilning yðar á 11. gr. laganna, yrðu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að fá breytt hinum umræddu ákvæðum þannig, samkvæmt því, sem ætla mætti að hefði verið tilgangur alþingis, að borgunin fyrir hinar umræddu ferðir greiðist af landsjóði, því að annars sje þess varla að vænta, að lögin komi að fullum notum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna það, sem hjer segir. Samkvæmt 11. gr. 2. í stjórnarfrumvarpinu átti að greiða af amtsjafnaðarsjóðunum kostnað þann, er ræðir um í 11. gr. 1. Breyting sú, sem gjörð var á 2. málsgrein nýnefndrar lagagreinar, hefir orðið til þess, að nú eru engin bein ákvæði um það í lögunum, hvaðan borgunin fyrir ferðir þessar skuli koma. Ráðaneytið verður að vera þeirrar skoðunar, að það komi ekki til mála, að fyrir hina umræddu breytingu hafi kostnaður þessi lagzt á hina holdsveiku eða aðra einstaka menn. Þegar því hjereptir á að gjöra út um það, úr hverjum opinberum sjóði eigi að greiða ferðakostnað þennan, þá verður ráðaneytið að álita það, eptir öllum þeim skýringargögnum, sem fyrir hendi eru, að hann eigi að greiða úr landssjóði, og þeirrar skoðunar hefir ráðaneytið á sínum tíma verið, er það samdi tillögur sínar um staðfesting laganna.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um upplutning 117**  
**lærisveina lærða skólans.** — Með brjefi, dagsettu 27. júlí þ. á., hafð þjer, <sup>12. sept.</sup>

herra landshöfðingi, sent hingað erindi, sem borizt hefir stiptyfirvöldunum, þar sem kvartað er yfir, að rektor lærða skólans hafi úrskurðað, að lærisveini nokkrum, sem vorið 1899 sat eptir í 1. bekk skólans, fór síðan úr skóla og las utan-skóla, og sem nú hefir staðizt árspróf 2. bekkjar eða náð stigafjöldað þeim, sem heimtaður er í reglugjörð nefnds skóla frá 12. júlí 1877, 9. gr., eigi skuli leyft að vera í 3. bekk á skólaári því, er í hönd fer, heldur einungis í 2. bekk, og fer beiðandinn jafnframt fram á, að stiptyfirvöldin ónýti tjeðan úrskurð og leyfi,

3. dag nóvembermánaðar 1900.